

Ársreikningur

Kennitölur

Katrín Harðardóttir


A blue stethoscope is positioned diagonally across the frame, resting on a document that features a blue bar chart. The stethoscope's chest piece is in the lower-left foreground, while its tubing extends towards the upper-right. The background document shows a bar chart with several blue bars of varying heights.

Greining og túlkun ársreikninga

- Ársreikningurinn veitir mjög mikilvægar upplýsingar um reksturinn
- Greining og túlkun á ársreikningi er nánari skoðun á því sem í honum er
- Það þarf að setja upplýsingarnar fram með samræmdum hætti svo hægt sé að nýta þær til samanburðar
- Við þessa greiningu ársreikninga eru notaðar svokallaðar kennitölur

Kennitölur

- Kennitala er hlutfallstala þar sem ein eða fleiri tölur eru reiknaðar sem hlutfall af annari eða öðrum tölum
- Kennitala getur verið %hlutfall eða föst tala
- En til hvers eru kennitölur notaðar?
- Notaðar til samanburðar t.d. við önnur rekstrarár, rekstraráætlanir eða önnur fyrirtæki í sömu atvinnugrein
- Útreikningarnir verða alltaf að vera þeir sömu til þess að samanburður sé marktækur.





Útreikningar kennitalna

Útreikningar kennitalna

- **Notaðar tölur úr:**
 - Efnahagsreikningi
 - Rekstrarreikningi
 - Bæði efnahags- og rekstrarreikningi
 - Sjóðsstreymi
- **Meginflokkar kennitalna:**
 - Arðsemi
 - Afkastahlutföll og veltuhraði
 - Greiðsluhæfi
 - Tapspól
 - Kennitölur hlutafjár

Arðsemi

Arðsemi sýnir sambandið á milli afkomu (hagnaður eða tap) og þess fjármagns sem bundið er í fyrirtækinu. Sýnir þá ávöxtun sem eigendur fá.

Kennitölur	Formlúlur	Útskýringar
Arðsemi heildareigna %	$\frac{\text{Hagnaður e. skatta} + \text{fjármagnskost.}}{\text{Heildareignir}} * 100$	Segir til um hvernig tekst að ávaxta þá fjármuni sem eru bundnir í félaginu, án tillits til fjármögnunar þeirra. Nefnarinn er ýmist heildareignir í ársbyrjun eða meðaltal af heildareignum í ársbyrjun og árslok.
Arðsemi eigin fjár %	$\frac{\text{Hagnaður eftir skatta}}{\text{Eigið fé}} * 100$	Segir til um hvernig tekst að ávaxta fjármagnið sem eigendur hafa bundið í félaginu. Í teljara er eðlilegast að hafa hagnað án óreglulegra liða. Í nefnara er algengt að hafa eigið fé í ársbyrjun. Betra er að nota meðaltal af eigin fé í ársbyrjun og árslok (án hagnaðar ársins). Varast ber að trúa þessari kennitölu í blindni.
Hagnaðarhlutfall %	$\frac{\text{Hagnaður eftir skatta}}{\text{Sölutekjur}} * 100$	Segir til um hver stór hluti sölutekna skilar sér sem hagnaður

Afkastahlutföll og veltuhraði

Fjalla um nýtingu fjármagns og er þá átt við sambandið á milli rekstrartekna og þeirra fjármuna sem eru bundnir í fyrirtækinu.

Kennitölur	Formúlur	Útskýringar
Álagning sem fjárhæð	<i>Söluverð seldra vara - kostnaðarverð</i>	Hér er verið að reikna út álagningu á seldum vörum fyrirtækisins annarsvegar sem fjárhæð og hins vegar álagningu í prósentum.
Álagning sem %	$\frac{\text{Söluverð seldra vara}}{\text{Kostnaðarverð seldra vara}} - 1$	
Framlegðarstig (framlegðarhlutfall) %	$\frac{\text{Framlegð}}{\text{Söluverð seldra vara}} * 100$	Framlegðarhlutfall er hlutfallið á milli rekstrartekna og rekstrargjalda. Getur gefið vísbendingar um rekstrarhagkvæmni þar sem það segir til um hversu hátt hlutfall rekstrartekna fyrirtækið er að skila til að geta greitt hin ýmsu gjöld. Notaðir frekar sem grundvöllur fyrir skammtímaákvarðanir heldur en ákvarðanir til lengri tíma. Ástæðan er sú að til skamms tíma litið geta fyrirtæki ekki haft áhrif á fasta kostnaðinn.
Veltuhraði heildarfjármagns	$\frac{\text{Rekstrartekjur}}{\text{Fjármagn}}$	Veltuhraðinn er hlutfall rekstrartekna af því fjármagni sem bundið er í fyrirtækinu

Afkastahlutföll og veltuhraði frh.

Veltuhraði vörubirgða og meðal lagertími vörubirgða

Kennitölur	Formúlur	Útskýringar
Veltuhraði vörubirgða	$\frac{\text{Kostnaðarverð seldra vara}}{\text{Meðalstaða vörubirgða (á kostnaðarverði)}}$	Veltuhraðinn er mælikvarði á hagkvæmni birgðastýringar. Því hærra sem hlutfallið er þeim mun oftari veltir félagið birgðunum.
Meðallagertími vörubirgða (Biðtími birgða)	$\frac{365}{\text{Veltuhraði vörubirgða}}$	Biðtíminn segir til um hve langan tíma tekur að selja birgðirnar, þ.e. breyta þeim í tekjur. Stuttur biðtími birgða getur verið merki um greiðsluerfiðleika. ATH. Vörur eru mismunandi og því með mismunandi lagertíma. T.d. er grænmeti með styttri lagertíma en stílabók.

Afkastahlutföll og veltuhraði frh.

Veltuhraði viðskiptakrafna og viðskiptaskulda

Kennitölur	Formúlur	Útskýringar
Veltuhraði viðskiptakrafna	$\frac{\text{Vörusala gegn gjaldfresti}}{\text{Meðaltal viðskiptakrafna}}$	Veltuhraðinn er mælikvarði á innheimtu félags (kröfustýringu). Því hærra sem hlutfallið er þeim mun skilvirkari innheimta. Bæta þarf vsk. við sölu þá kröfurnar eru með vsk. (Þarf ekki að gera í verkefninu ykkar)
Meðal greiðslufrestur (Biðtími útistandandi krafna)	$\frac{365}{\text{Veltuhraði viðskiptakrafna}}$	Gefur dagafjölda frá því að vara selst og þangað til krafan er greidd. Almennt talið að 30-60 daga greiðslufrestur sé eðlilegur. Þarf að hafa í huga hversu mikið af sölu er staðgreiðsla og hversu mikið er út í reikning.
Veltuhraði viðskiptaskulda	$\frac{\text{Vörukaup gegn gjaldfresti}}{\text{Viðskiptaskuldir vegna vörukaupa}}$	Þetta er sambærilegt og viðskiptakröfurnar
Meðalgjaldfrestur	$\frac{365}{\text{Veltuhraði viðskiptaskulda}}$	Hér getum við reiknað meðalgreiðslufrest sem fyrirtækið fær hjá viðskiptavinum sínum

Greiðsluhæfi

Með greiðsluhæfi er átt við hæfi fyrirtækisins til að standa við skuldbindingar sínar í náginni framtíð (til skemmri tíma).

Eftirfarandi kennitölur gefa vísbendingar um yfirvofandi sé vöntun á lausafé og greiðsluvandræði.

Kennitölur	Formúlur	Útskýringar
Veltufjárlutfall	$\frac{\text{Veltufjármunir}}{\text{Skammtímaskuldir}}$	Sýnir hæfni fyrirtækisins til að inna af hendi nauðsynlegar greiðslur næstu 12 mánuði með kvikum veltufjármunum. Þarf helst að vera >1 (eða 1:1) og því hærra þeim mun betra. Hátt hlutfall gæti þó vitnað um erfiðleika í birgðastýringu eða innheimtu viðskiptakrafna.
Lausafjárlutfall	$\frac{\text{Veltufjármunir} - \text{Vörubirgðir}}{\text{Skammtímaskuldir}}$	Hér er verið að bera saman þá fjármuni sem búast má við að verði að peningum innan eins árs og þær skuldbindingar sem fyrirtækið þarf að standa skil á, á sama tíma. Sýnir hæfi fyrirtækis til að greiða greiðslur næstu 12 mánuði með kvikum veltufjármunum. Birgðirnar á eftir að selja og þær því ekki peningaverðisliður á sama hátt og aðrir veltufjármunir.

Tapspól (gjaldhæfi)

Með gjaldhæfi er átt við hæfi fyrirtækisins til að takast á við taprekstur, þ.e. fjárhagslegan styrk þess til lengri tíma.

Kennitölur	Formúlur	Útskýringar
Eignfjárlutfall	$\frac{\text{Eigið fé}}{\text{Heildareignir}} * 100$	Sýnir fjárhagslegan styrk félags til að mæta mótbyr án þess að skerða skuldbindingar sínar við aðra en hluthafa. Nefnarinn er annað hvort skuldir + eigið fé eða heildarfjármunir.
Lánsfjárlutfall	$\frac{\text{Lánsfjármagn}}{\text{Heildareignir}}$	Með útreikningum á eiginfjárlutfalli og lánsfjárlutfalli er verið að meta hve mikið fyrirtækið þolir að tapa áður en kröfuhafar eru í hættu með að tapa fjármagni sínu. Talið er að eigið fé eigi að mæta svona áföllum áður en gengið verður að eigendum lánsfjár. Þessar kennitölur segja til um samsetninguna á eigin fjár og lánsfjár.

Tapspól (gjaldhæfi) frh.

Með gjaldhæfi er átt við hæfi fyrirtækisins til að takast á við taprekstur, þ.e. fjárhagslegan styrk þess til lengri tíma.

Kennitölur	Formúlur	Útskýringar
Skuldrækslu- hlutfall	$\frac{\text{Hagaður eftir skatta} + \text{afskriftir}}{\text{Afborganir} + \text{vextir}}$	Hér er lagt mat á hve mikinn hluta langtímafjármagns er óhætt að taka að láni með það fyrir augum að geta greitt afborganir og vexti og að þau séu innan þeirra marka sem reksturinn þoli.
Skuldaþekja	$\frac{\text{Handbært fé frá rekstri}}{\text{Meðaltal heildarskulda}}$	Upphæðina í teljarann fáum við úr sjóðsstreyminu. Í nefnara er notað meðaltal heildarskulda í ársbyrjun og árslok. Kennitalan segir okkur hver lengi félag er að greiða upp skuldir sínar með því handbæra fé sem reksturinn gefur. Getur verið gagnlegt til að sjá fyrir erfiðleika eða gjaldþrot félags.

Kennitölur hlutafjár

Áður en við skoðum helstu kennitölur kennitölur sem viðkoma hlutafé félags (fyrirtækis) skulum við huga að nokkrum orðskýringum.

Orð	Útskýringar
Nafnverð	Nafnverð er það verð sem skráð er á hlutabréf og arður er reiknaður af
Markaðsverð	Markaðsverð er kaupverð/söluverð hlutabréfa á markaði
Gengi	Gengi er hlutfallið milli markaðsverðs og nafnverðs
Jöfnunarhlutabréf	Viðbótarhlutabréf gefin út til hluthafa án sérstakrar greiðslu. Útgáfa þeirra breytir ekki eignarhlutföllum en hækkar nafnverð
Innra virði	Reikningslegt virði. Hlutfallið milli bókhaldslegs virðis eigin fjár og nafnverðs hlutafjár

Kennitölur hlutafjár

Áður en við skoðum helstu kennitölur kennitölur sem viðkoma hlutafé félags (fyrirtækis) skulum við huga að nokkrum orðskýringum.

Kennitölur	Formúlur	Útskýringar
Innra virði	$\frac{\text{Eigið fé}}{\text{Nafnverð hlutafjár}}$	Sýnir hvers virði hlutabréf eru samkvæmt efnahagsreikningi. Innra virði hlutabréfa getur verið hátt ef uppsafnaður hagnaður félagsins er mikill. Innra virði er gjarnan borið saman við markaðsverðmæti hlutabréfanna til þess að meta hvort þau séu dýr/ódýr. Sýnir hvað eigið fé er mörgum sinnum hærra en nafnverð hlutafjár.
V/I hlutfall	$\frac{\text{Markaðsvirði}}{\text{Eigið fé}} \text{ eða } \frac{\text{Gengi}}{\text{Innra virði}}$	Sýnir hlutfallið á milli markaðsverð hlutafjár og eigin fjár. Hlutfallið milli bókhaldslegs virðis eigin fjár og nafnverðs hlutafjár. Ef hlutfallið er hátt þá eru fjárfestar til í að greiða hátt verð fyrir bréfin.
V/H hlutfall	$\frac{\text{Markaðsvirði}}{\text{Hagnaði eftir skatta}} \text{ eða } \frac{\text{Hlutafé} * \text{gengi}}{\text{Hagnaður eftir skatta}}$	Einn algengasti mælikvarðinn á verð hlutabréfa. Gefur til kynna hvort markaðurinn sé til í að greiða mikið eða lítið fyrir framtíðartekjur fyrirtækisins. Hátt hlutfall getur bent til þess að fjárfestar telji að hagnaður eigi eftir að aukast umtalsvert á næstu árum. Hlutfallið getur líka verið hátt er hagnaður ársins sem er til skoðunar er lítill. Tap á rekstri gerir hlutfallið neikvætt og þá hefur það enga þýðingu.
A/V hlutfall (en ekki V/A eins og í glærum í fyrirlestrinum)	$\frac{\text{Greiddur arður}}{\text{Nafnverð hlutafjár} * \text{gengi}}$	A/V hlutfall er hlutfallið á milli arðs og markaðsverðs hlutafjár. Gefur til kynna ávöxtun þess fjár sem lagt er fram við hlutabréfakaupin, þ.e. hve hátt hlutfall nafnverðs hlutabréfanna er greitt út í formi arðs. Hátt A/V hlutfall getur sýnt fram á háar arðgreiðslur eða að verðið á bréfunum sé lágt.